




NIÐURSTÖÐUR VEGNA SÝNATÖKU

Laugalækjarskóli

Laugalækjarskóli



Reykjavík 1.7.2024

Umsjón sýnatöku

Svavar Örn Guðmundsson

Efni

Kanna hvort mygla vaxi í byggingarefnum.

Sýnatökustaður

Laugalækjarskóli

Útskýringar

Enginn mygluvöxtur fannst við skoðun sýnis







Ummerki um myglu- /bakteriuvöxt fundust í sýni eins og gró, mítlaskítur o.fl.



Mygla/bakteriur fundust í vexti í sýni

TAFLA 1 Sýnataka og verkbeiðni: S = skoða vel | L = lausleg greining | G = geyma

SÝNI	STAÐSETNING	LÝSING	EFNI	RAKI	GREINING	NIÐURSTAÐA	LITAKÓÐI
1	Stofa 11.	Gólf við útvegg.	Ílögn			Kjarni 30mm langur. Ekki ummerki um myglu í sýninu.	
2	Stofa 11.	Gólf, 1,5m frá útvegg.	Dúkur; Ílögn			Kjarni 21mm langur. Ekki ummerki um myglu í sýninu.	
3	Stofa 11.	Útveggur, við gólf.	Múr			Kjarni 25mm langur. Ekki ummerki um myglu í sýninu.	
4	Skrifstofa deildarstjóra.	Milliveggur.	Gips			Ummerki um myglu á pappa milli gipsplata. Tegund sem líkist Penecillium spp gró og gróberar, svepphlutar af Chaetomium í litlu magni.	
5	Skrifstofa deildarstjóra.	Útveggur.	Dúkur; Múr			Kjarni 15mm langur. Þung lykt af dúk og kjarna en ekki ummerki um myglu í sýninu.	



MYND 1 Staðsetning sýna í skrifstofu deildarstjóra. Ferningur er sýni úr vegg og hringur er sýni úr gólfi.

Almennar tillögur til úrbóta

Bent er á bækling Umhverfisstofnunar: [2015 Innloft, raki og mygla í híbýlum; Leiðbeiningar fyrir almenning](#)

Ávallt er mælt með að fjarlægja eða skipta út rakaskemmdu byggingarefni en það er ekki endilega háð því að mygla greinist í sýni.

Við framkvæmdir þarf að fylgja ströngum verkferlum. Afmarka vinnusvæði eða vinnurými með plasti frá öðrum svæðum í byggingu. Innbú og húsmuni þarf einnig að fjarlægja úr vinnurými fyrir niðurrif og framkvæmdir. Nauðsynlegt er að vera með útblástur frá vinnusvæði og tryggja undirþrýsting þannig að agnir berist ekki inn í önnur íverurými við framkvæmdir.

Takmarka skal krossmengun á milli svæða eða rýma eins og unnt er. Velja hæfilegan hlífðarbúnað hverju sinni, grímu, hanska og hlífðarfatnað.

Fyrsta skrefið er að greina upptök raka, stöðva leka eða koma í veg fyrir rakapéttingu, því næst fjarlægja öll rakaskemmd byggingarefni. Til þess að gæta öryggis er mælt með að fjarlægja umfram sjáanlega skemmt svæði. Byggingarefni sem er endurnýtt, þ.e. hlutir sem eru ekki rakaskemmdir en hafa komist í snertingu við rakaskemmdir, myglu eða loft þar sem er mygla í vexti er nauðsynlegt að hreinsa vel þannig að gró, svepphlutar, bakteríur og afleiðuefni verði fjarlægð eins og mögulegt er.